



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

577. stjórnarfundur þriðjudaginn 18. janúar 2022 kl. 19:00

## Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Jónína Steinunn Helgadóttir. Fjarverandi Sveinbjörg Sigurðardóttir.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Erindi körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur til Friðjóns, Guðbrands og Jóhanns með ósk um fund.

Erindi knattspyrnudeildar til Friðjóns vegna vallarsamnings.

Tvö fréttabréf UMFÍ.

Tölvupóstur frá Helga Arnarssyni fræðslustjóra um sóttvarnarreglur.

Mótmæli fimleikadeildar vegna skerðingar á aðstöðu sem kemur til vegna aðstöðuleysis skóla.

Tölvupóstur frá Rannís vegna námskeiða.

Tölvupóstur frá UMFÍ, tilnefning í ungmennaráð.

Tölvupóstur frá Birnu foreldri í fimleikadeildinni vegna útlistunar á fjáröflun.

Tölvupóstur frá RSK, skil á gögnum til RSK – Almannaheillaskrá.

Fundargerðir frá körfuknattleiksdeild og unglingaráði knattspyrnudeildar.

### 3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Tölvupóstur sendur á deildir Keflavíkur vegna frestunar á aðalfundum deilda vegna samkomutakmarkana (10 mega koma saman).

Tölvupóstur frá RSK um Almannaheillaskrá, skil á gögnum til RSK framsendur á deildir innan Keflavíkur.

### 4. Aðalfundir deilda og félagsins

Búið er að fresta öllum aðalfundum deilda vegna nýrra sóttvarnalaga. 10 manna samkomubann.

Stjórnarmenn fari að gefa upp hvort þeir hyggist gefa kost á sér til endurkjörs í aðalstjórn.

### 5. Önnur mál

A. Einar sagði frá fundi sem haldinn var 11. janúar í Íþróttakademíunni vegna minnkunar á því plássi sem fimleikadeildin er með til umráða. Mættir voru stjórnarnamenn úr fimleikadeild, Helgi Arnarsson, Árni Þór Ármannsson og Hafsteinn Ingibergsson frá Reykjanesbæ og Einar Haraldsson frá aðalstjórn. Niðurstaðan varð sú að fimleikadeildin missir ekki plássið að svo stöddu

B. Eysteinn Húni Hauksson mætti á þennan fund.

C. Umræða um aðkomu ÍSÍ og UMFÍ um fjármagn til félaga/deilda vegna ástands í



Þjóðfélaginu. Framkvæmdastjóra falið að senda póst á ÍSÍ og UMFÍ.  
Næsti fundur verður þriðjudaginn 1. febrúar 2022  
Fundir slitið kl. 19:20

Fundinn ritaði Eva Björk

